- Viðskiptavinir á höfuðborgarsvæði ekki viljugir að greiða fyrir akstur sérfræðinga í vinnuferðum utan af landi.
- Þjónusta sveitarfélagsins of lítil.
- Þjónustulund er ekki mikil.


3.11.4 DALIR

- Engin þjónusta, léleg fjarskipti og erfiðar samgöngur.
- Erfitt að fá fólk til starfa.
- Fámenni.
- Fámenni og samgöngur.
- Fámennið gerir það að verkum að fjölbreytni starfa og menntunar er minni, svo og lítill markaður.
- Langt í þjónustu.
- Malarvegir.
- Minni umferð þegar færð spillist, há flutningsgjöld.
- Samgöngur.
- Samgöngur og netsamband.
- Skortur á menntuðu starfsfólki til að sinna því sem leikskólar eiga að sinna.
- Skortur á þriggja fasa rafmagni og lélegt net- og farsímasamband. Lélegt vegakerfi. Og síðast en ekki síst sveitarstjórn sem gerir sér ekki grein fyrir því að undirstaða þéttbýlisins í Búðardal eru öflugt mannlíf og atvinnustarfsemi í dreifbýlinu. Ef sveitirnar hrynja, sem er líklegt að óbreyttu, - þá fer þéttbýlið óhjákvæmilega sömu leiðina, nema þeir sem stjórna átti sig á því að fólk lifir ekki á loftinu einu saman.
- Sofandi sveitarfélaga, dvalabyggð.
- Vantar framhaldsskóla.
- Vegakerfi, farsímasamband, netsamband.

3.12 VANTAR EITTHVAÐ?



Mynd 30: Er eitthvað sem þú telur vanta þar sem fyrirtækið starfar og gæti styrkt rekstur þess?
Fjöldi svara var 234.



Mynd 31: Er eitthvað sem þú telur vanta þar sem fyrirtækið starfar og gæti styrkt rekstur þess?
Fjöldi svara var 28 í Dölunum, 103 á Snæfellsnesi, 88 í Borgarfirði og 40 á Akranesi og í Hvalfirði.

3.13 ÞAÐ HELSTA SEM VANTAR ÞAR SEM FYRIRTÆKIÐ STARFAR

Hér gafst þátttakendum kostur á að telja upp það helsta sem vantar í kjölfar já og nei spurningarinnar „Er eitthvað sem þú telur vanta þar sem fyrirtækið starfar og gæti styrkt rekstur þess?“

3.13.1 AKRANES OG HVALFJÖRDUR

- Betri samgöngur við Reykjavík.
- Breyting á fiskveiðistjórnunarkerfi.
- Fleiri lækna.
- Hitaveita.
- Lægri kostnaður.
- Nýjan yfirmann.
- Stefna varðandi ferðamenn er engin og er það að koma niður á ferðaþjónustutengdum greinum, svo sem verslunum og veitingasölum.
- Tenging við Þjóðveg 1, vegur yfir Grunnafjörð.
- Það vantar alltaf eitthvað. Tíma fyrst og fremst, meiri viðskipti á veitingastaðinn og leiðir til að auka það, svo eitthvað sé nefnt.
- Það vantar aukið samstarf við sveitastjórnir til að tryggja að fyrirtæki hins opinbera haldi áfram að styrkjast en að ekki dragi hægt og rólega úr þeim. Sérfræðingastörf í sveitarfélögum utan RVK eru mikilvæg og þurfa sveitarstjórnir að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að hamra á því að styðja þær stofnanir sem þegar eru í sveitarfélaginu og fá aukin verkefni. Þannig skapast m.a. mikilvæg störf.

3.13.2 BORGARFJARÐARSVÆÐI

- Þriggja fasa rafmagn.
- Á ekki við.
- Betra net og gsm-samband.
- Betri aðstaða.
- Betri almenningssamgöngur.
- Betri úrvinnslufyrirtæki.
- Betri vegsamgöngur, betra netsamband og betri aðstöðu til úrvinnslu afurða.
- Betri þjónusta.
- Endurvinnsla.
- Fagleg vinnubrögð sveitarfélaga, auknari kynning á vegum byggingageirans til almennings.
- Fleiri íbúa.
- Fleiri störf fyrir vel menntað fólk.
- Fleiri tekjustoðir undir reksturinn.
- Fleiri viðskiptavinir.
- Gott væri að úrvinnsla á landbúnaðarafurðum væru í heimabyggð.
- GSM-símasamband og betra net. Við sendum reykmerki eins og indíánar.
- Heilbrigða og gagnsæja stjórnsýslu.
- Heitt vatn og betra netsamband.

- Íbúðarhúsnæði.
- Jákvæðni.
- Kalt vatn, gámur fyrir plast, betra viðhorf frá sveitarstjórn í garð atvinnurekstursins almennt.
- Ljósleiðari.
- Lægri fasteignagjöld.
- Lögreglumenn.
- Meiri afþreyingu.
- Samvinnu við önnur fyrirtæki um vinnslu.
- Sjá spurningu 14 (Hvaða breytinga er helst horft er til).
- Skarpari sýn á eflingu þéttbýlisins.
- Sterkari fyrirtæki og fleiri.
- Stuðning sveitarfélags.
- Stuðning sveitarfélags og annarra aðila með ákveðna grunnþjónustu s.s. fjarskipti, vatnsveitu o.s.frv.
- Stærri endurtekin verkefni sem skila framlegð.
- Sveitarfélagið hefur ekki staðið sig varðandi innviði á staðnum.
- Valdheimildir til að bregðast við ítrekuðum brotum launagreiðenda.
- Vantar nýtt og betra húsnæði í iðnaðarhverfi, iðnmenntað starfsfólk.
- Vegamál.
- Vegi rafmagn og fjarskipti.
- Vélaverkstæði, rafmagnsþjónusta.
- Þriggja fasa rafmagn.
- Þriggja fasa rafmagn, betri vegi og ljósleiðara.
- Þrífasa rafmagn.

3.13.3 SNÆFELLSNES

-
- Að geta nýtt sundlaug sveitarfélagsins fyrir gesti en hún er leigð til samkeppnisaðila og allir sitji við sama borð í sveitarfélaginu.
 - Að ríkið standi við framlög og setji meiri pening í samgönguáætlun.
 - Aukið fjármagn.
 - Aukið vinnuframboð.
 - Aukin framleiðsla og sala á afurðum.
 - Aukin þjónusta við ferðamenn.
 - Aukin þjónusta við ferðamenn, aðstaða, bílastæði, opnunartími verslana.
 - Aukin þjónustulund, þá aðallega hjá Snæfellsbæ.
 - Auknar tekjur úr ríkissjóði og betri mönnun fagaðila.
 - Auknar veiðiheimildir.
 - Betri samgöngur, svo sem strætó.
 - Betri hafnaraðstaða fyrir smábáta yfir sumartímann.
 - Betri samgöngur, hafnaraðstaða og flugsamgöngur.
 - Betur hugað að litlum aðilum.

- Breytt hugarfar og að bæjarfélagið hætti í samkeppni við alla iðnaðarmenn bæjarins. Leggi niður þessa kommastefnu.
- Bætt aðgengi að endurmenntun.
- Fjölbreyttara atvinnulíf og grunnþjónusta ríkisins.
- Fleiri fyrirtæki (ekki sama eðlis þó) eða starfsemi í sama hús = búa til "kreðs" sem gott er að hafa sem bakland starfsfólks.
- Fleiri iðnaðarmenn.
- Fleiri íbúar sem styrkt gætu starfsemina með fleiri nemendum og meira námsframboði.
- Fleiri vatnsaflsvirkjanir.
- Fleira starfsfólk.
- Fleiri útgerðir og meiri landaðan afla.
- Fólk með fagþekkingu og húsnæði fyrir fjölskyldur og fyrirtæki.
- Góð matvöruverslun.
- Hagstæðara húsnæði, auknar greiðslur frá ríki og betri mönnun.
- Háskólamenntað og starfsmenntað starfsfólk; talmeinafræðing (1 stg), félagsliða, iðjuþjálfar.
- Hentugt húsnæði (lítið atvinnuhúsnæði).
- Ljósleiðara.
- Lægra verð á hita og rafmagni.
- Markvissari og fljótlegri afgreiðsla í kerfinu.
- Meira hráefni (kvóta).
- Meiri afþreying þarf að vera í boði á svæðinu allt árið.
- Meiri fjölda af fólki.
- Meiri umsvif.
- Meiri aflaheimildir.
- Samstöðu um að atvinnuuppbygging sé fyrir öll fyrirtæki í sveitarfélaginu.
- Skynsamari stjórnun sveitarfélags.
- Stöðuleiki í efnahagsmálum.
- Sveitafélagið tekur ekki þátt í að bæta aðstöðu fyrirtækja í sveitarfélaginu.
- Sveitarfélagið skilgreini sig betur sem sérstætt, markaðsstjórn, bætt upplýsingaflæði.
- Varmadæla - hitaveita.
- Vatns og hitaveita rekin af bæjarfélaginu, öryggi í þeim málum.
- Þjónustu.


3.13.4 DALIR

-
- Alltaf má gera betur. Betra og hentugra húsnæði væri óneitanlega efst á óskalistanum.
 - Betra farsímasamband.
 - Bætt net- og símasamband. Þriggja fasa rafmagn. Jákvæðara viðhorf sveitarstjórnar til dreifbýlisbúa. Það er t.d. algengt að sveitarstjórnarfolk telji að heimamenn í sveitarfélaginu eigi heimili sitt og sveitfesti, eingöngu í Búðardal og eigi þar af leiðandi forgangsrétt á lífsins gæðum, sama hvort um er að ræða vinnu, ýmis verkefni eða lýsingu á opinberum eignum. Í Búðardal eru allir ljósastaurar með jólalýsingu, svo dæmi sé tekið, - en slíkt er talið óþarfa bruðl til sveita. Í Saurbænum er, í orðsins fyllstu merkingu, kveikt á einni grútartýru við útidyrnar á Félagsheimilinu Tjarnarlundi, þrátt fyrir að ágætir


ljóskastarar séu á húsinu. En sveitarstjórnin tímur ekki að nota þá, ekki einu sinni í svartasta skammdeginu eða bara yfir aðventuna til að draga aðeins úr skammdegisdrunganum hjá sveitavarginum. Jólatré við Tjarnarlund og Staðarhólskirkju væri heldur engin ofrausn að mínu mati. Þessi nízka sem viðgengst þarna á Hólum er ekki til þess fallin að bæta vinnugleðina og starfsandann í fyrirtækinu og styrkir því ekki rekstur þess á neinn á neinn hátt, - nema síður sé, - sem er miður.

- Fjölbreyttari störf, fleiri íbúðir.
- Fleira fólk.
- Húsnæði til leigu.
- Líkt og áður sagði, skort á starfsfólki.
- Meiri afþreyingu fyrir ferðamenn.
- Ný fjárhús.
- Samstöðu heimamanna fyrir fyrirtækinu og framtíð þess.
- Verslun, bensínstöð og fagmenntað fólk.
- Þriggja-fasa rafmagn, ljósleiðara og betri samgöngur.
- Þriggja-fasa rafmagn, ljósleiðara, frekari þjónustu í næsta þéttbýli.


3.14 ÞJÓNUSTA ATVINNURÁÐGJAFAR VESTURLANDS (AV)




Mynd 32: Hefur þú nýtt þér þjónustu AV í formi rekstrarráðgjafar eða annarra ráðgjafar?
Fjöldi svara var 262.




Mynd 33: Hefur þú nýtt þér þjónustu AV í formi rekstrarráðgjafar eða annarra ráðgjafar?
AV stendur fyrir Atvinnuráðgjöf Vesturlands. Fjöldi svara var 29 í Dölunum, 105 á Snæfellsnesi, 88 í Borgarfirði og 39 á Akranesi og í Hvalfirði. Þá höfðu fyrirtæki í Dölunum oftast fengið þjónustu hjá AV.




Mynd 34: Finnst þér þjónusta AV hafa komið þér og/eða fyrirtæki þínu að miklum notum?
 AV stendur fyrir Atvinnuráðgjöf Vesturlands. Fjöldi svara var 6 í Dölunum, 9 á Snæfellsnesi, 14 í Borgarfirði og 6 á Akranesi og í Hvalfirði.



Mynd 35: Hverskonar þjónustu hefur þú þegið hjá Atvinnuráðgjöf Vesturlands?
 Fjöldi svara var 62.



Mynd 36: Hverskonar þjónustu hefur þú þegið hjá Atvinnuráðgjöf Vesturlands?
Fjöldi svara var 17 í Dölunum, 15 á Snæfellsnesi, 22 í Borgarfirði og 6 á Akranesi og í Hvalfirði.



Mynd 37: Hverskonar þjónustu hefur þú þegið hjá Atvinnuráðgjöf Vesturlands?
Fjöldi svara var 17 í Dölunum, 15 á Snæfellsnesi, 22 í Borgarfirði og 6 á Akranesi og í Hvalfirði.

3.15 ER ÞAÐ EITTHVAÐ SEM ÞÚ TELUR AÐ MÆTTI BÆTA Í ÞJÓNUSTU ATVINNURÁÐGJAFAR VESTURLANDS?

3.15.1 AKRANES OG HVALFJÖRÐUR

- Held ekki.
- Sýnileiki á Akranesi.
- Ætti að vera á Akranesi.

3.15.2 BORGARFJARÐARSVÆÐI

- Ágætis staða.
- Get ekki dæmt um það.
- Nei, þau eru flott, með fæturna á jörðinni.
- Veit ekki.


3.15.3 DALIR

- Nei, hef fengið mjög góða þjónustu þar.
- Veit ekki.


3.15.4 SNÆFELLSNES

- Nei.
- Nei, þau eru á ágætu ferðalagi.


3.16 STJÓRNVÖLD



Mynd 38: Telur þú stjórnvöld (ríkið eða sveitarfélög) vinna gegn velgengni fyrirtækisins?
Fjöldi svara var 246.



Mynd 39: Telur þú stjórnvöld (ríkið eða sveitarfélög) vinna gegn velgengni fyrirtækisins?
Fjöldi svara var 26 í Dölunum, 98 á Snæfellsnesi, 85 í Borgarfirði og 36 á Akranesi og í Hvalfirði.



Mynd 40: Telur þú stjórnvöld (ríkið eða sveitarfélög) geta stutt betur við rekstur fyrirtækisins?
Fjöldi svara var 26 í Dölunum, 94 á Snæfellsnesi, 87 í Borgarfirði og 36 á Akranesi og í Hvalfirði.

3.17 HVERNIG TELUR ÞÚ STJÓRNVÖLD HELST VINNA GEGN VELGENGNI FYRIRTÆKISINS?

3.17.1 AKRANES OG HVALFJÖRÐUR

- alltof há lífeyrissjóðsgjöld.
- breytingar á gistileyfi.
- Hef ekki hugmynd, ekkert inni í stjórnámálum og ekki tilbúinn til að eyða frítíma mínum í það.
- Hringl, t.d. í vsk. málum.
- Hækkun gistináttagjalds.
- Með auknum álögum og miðstýringu.
- Með rekstri Íslandspósts í pakka- og brettaflutningi.
- Með skattastefnu sinni.
- Of miklir verndartollar á innflutt matvæli.
- samkeppnislöggjöfin gagnvart útflutningi er of ströng.
- Takmarkanir á veiðiheimildum, ekki hægt að stunda strandveiðar og makrílveiðar á sama bát nema mjög takmarkað.

3.17.2 BORGARFJARÐARSVÆÐI

- Ekki nægar fjárheimildir.
- Hins vegar mega þau styðja mun betur við mótun ferðapjónustu í héraðinu og sókn á markað - Vesturland þarf að skapa sér bestri sess í ferðapjónustu.
- Kostnaður á mörgum sviðum bæði hjá ríki og bæ.
- Lítil áhugi fyrir því að grípa í taumana og breyta ástandinu.
- Með óvönduðum vinnubrögðum í eftirlitsgeiranum.
- Með seinagangi á þriggja fasa rafmagni.
- Með slægri vinnu Borgarbyggðar í skipulags- og framkvæmdamálum.
- Niðurskurður á framlögum.
- Of háir skattar og launatengd gjöld.
- Ófullnægjandi tollasamningar.
- Óheilbrigð og ógagnsæ stjórnsýsla vinnur gegn velgengni fyrirtækja.
- Ráðherrann er á móti atvinnugreininni.
- Reglugerðafargan og óraunhæfar kröfur í byggingareglugerð.
- Ríkið vinnur gegn því en ekki sveitarfélög.
- Samþykka innflutning á hráu kjöti og öðru slíku.
- Síðasta ríkisstjórn vildi leggja okkur bændur niður, vonandi verður þessi ríkisstjórn hliðhollari landsbyggðinni og þeim sem stunda landbúnað, koma í veg fyrir innflutning á hráum kjötafurðum.
- Stjórnvöld segja eitt en gera annað í samskiptum við vinnumarkaðinn, bæði varðandi lagaumhverfi og eins þegar kemur að almennum kjarasamningum.
- stjórnvöldin sem eru að fara frá vinna gegn ísl. landbúnaði. Flytja á inn lélega matvöru, vegna þess hún er ódýr. Hvar á að taka gjaldeyrinn.
- Stöðug óvissa um það rekstrarumhverfi sem starfað er í, s.s. skattheimtu- og gengismál.
- T.d. með nýjum tollasamningi við EB.
- Ýmsar aðgerðir í innflutningi kjötafurða.
- Þarf vegi, rafmagn og fjarskipti.
- Þjónustustarfsemi við ríkið á okkar sviði er að miklu leyti að flytjast til höfuðborgarsvæðisins.
- Öll þessi leyfisgjöld bæði fyrir starfsmenn og fyrirtæki sem kostar mikla peninga.

3.17.3 DALIR

- Að losa eignir í þeirra eigu til ferðapjónustunnar.
- Alltaf óvissa með framtíðina.
- Hef ekki reynslu af öðru en vel sé tekið í hugmyndir, reynt að greiða fyrir því sem ábótavant er og skortur á fjármagni ekki tilfinnanlegur.
- Með háum sköttum og gjöldum miðað við veltu.
- Með landsbyggðartengdum álögum.
- Með reglum um svæðisbundinn stuðning í sauðfjárrækt. Styrkur fellur niður ef bú er innan 150 km frá Rvk. Þetta klýfur sveitarfélagið í tvennt og dæmi sanna að menn sinna ekki búi svo vel sé með þetta langri akstursvegalengd daglega.
- Með vanhæfum landbúnaðarráðherra

- Með því að sjá ekki til þess að vegakerfi, raforka, netsamband og farsímasamband sé viðunandi.
- Mætti standa betur að landbúnaði yfirleitt.
- Núll byggðastefna.
- Skortur á fjármagni.
- Vanfjármögnun öldrunarmála.
- Þokkalegt fjármagn lagt í skólann, betur líklega en hjá mörgum öðrum sveitarfélögum hlutfallslega.

3.17.4 SNÆFELLSNES

- Að ganga eftir því að allir ferðaþjónustuaðilar hafi leyfi fyrir starfseminni en svo er ekki í þessu sveitarfélagi.
- Að því leyti að opinberir aðilar (stofnanir) eru að hluta til í samkeppni við einkarekna starfsemi (þjónustu) fyrirtækisins.
- Allt of há veiðigjöld lögð á lítil fyrirtæki.
- Auðlindagjöld.
- Aukin skattheimta.
- Eftirlitskostnaður og þungt seinvirkt eftirlitskerfi.
- Eingöngu Bæjarstjórnin þar sem hann reynir að koma í veg fyrir að fyrirtækið fái verkefni eins og hans kostur er.
- Einkavinavæðing.
- Ekki eins og er en breytingar á kvótakerfinu geta gert það.
- Flóknum reglum, eftirlitsiðnaði, skattlagningu á staðsetningu fyrirtækisins, o.fl. o.fl.
- Hátt tryggingargjald og álögur á flutningskostnað.
- Lagaákvæði skuldbindandi verkefna án nægilegs jöfnunarfjármagns ríkisins.
- Með hækkun veiðileyfisgjalda; þau eru of há.
- Með innheimtu hárra veiðigjalda.
- Með niðurskurðarkrögum.
- Með of miklum álögum.
- Með sífelldum breytingum á rekstrarumhverfi, óhóflegri skattheimtu.
- Með skattlagningu á mörgum sviðum og er sá kostnaður alltaf að hækka.
- Með vitlausri forgangsroðun.
- Með ýmiss konar álögum og sköttum.
- Með því að hefta aðgengi að sjávarauðlindinni. Kvóti og kvótakerfi er dragbítur þjóðfélagsins, um leið og menn opna augun fyrir því þá eykst velgengni sveitarfélaga og ríkis.
- Með því að nota ekki þá þjónustu sem er í boði á staðnum.
- Með því að skerða lögbundin fjárframlög.
- Með því að styrkja ekki hrossabúskap á sama hátt og sauðfjár- og kúabú.
- Með því að taka út rekstrarleyfið fyrir heimagistinguna og setja í 90 daga.
- Með því að tryggja ekki vatnsmál og vsk.-álagningu sem og skyldubundna hækkunlaunafólks. Hækkun launa bara sett á fyrirtæki og ekki boðlegt að hækka verð á mat og gistingu í staðinn og um leið ætla að hækka vsk.
- Niðurskurður á fjármálum til opinberra stofnana.

- Of hátt tryggingagjald á smærri fyrirtæki eða einyrkja.
- Of miklar álögur.
- Óstöðuleiki í efnahagsmálum, hringlandaháttur með fiskveiðistjórnunarkerfið.
- Óvissa með mál til framtíðar. Erfitt/ómögulegt að gera raunhæfar áætlanir.
- Ríkið getur gert það með breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu, þá sérstaklega varðandi auðlindagjaldið.
- Röng skipting og verð á kvóta.
- Setur ekki þungaskattana í vegakerfið.
- Skattaálögum.
- Skattahækkunir.
- Skattþíning, t.d. veiðigjöld.
- Skriffinnska og hæg afgreiðsla mála.
- Standa ekki vörð um íslenskan landbúnað. Gæti breyst með nýrri ríkisstjórn.
- T.d. með því að fara ekki fram á meistarauppáskrift allra verktaka vegna verkefna í sveitarfélaginu (Í lögum nú þegar).
- T.d. með því að hækka fasteignagjöld.
- Tollasamningur, innflutningur á hráu kjöti.
- Tryggingargjald er of hátt.
- Vantar framtíðarsýn bæði hjá Ríki og bæjarfélagið þarf að skilgr. betur sérstöðu svæðis.
- Veiðigjöld ekki reiknuð út frá útgerðaflokkum, leggjast því þyngra á minni fyrirtæki í veiðum.
- Veiðigjöld of há.
- Þau hugsa bara um stóru fyrirtækin.

3.17.5 ÓSTAÐSETT

-
- Með óréttlátri úthlutun byggðakvóta og sértækum byggðakvóta Byggðarstofnunar.

3.18 HVERNIG TELUR ÞÚ STJÓRNVÖLD HELST GETA STUTT BETUR VIÐ REKSTUR FYRIRTÆKISINS?

3.18.1 AKRANES OG HVALFJÖRÐUR

- Að hleypa ekki endalaust erlendri matvöru inn í landið.
- Aflétta verndartollum.
- Alveg pottþétt á einhvern hátt.
- Aukið fjármagn.
- Bæta skattaumhverfi.
- Gætu oftart gert kröfu um iðnmenntun iðnaðarmanna við kaup á þjónustu.
- Laga það sem er talað um í svarinu á undan.
- Lægri álögur hjá sveitafélagi.
- Lækka álögur.

- lækka álögur á lítil fyrirtæki.
- Lækka tryggingagjald og fjármagnstekjuskatt.
- Lækkun tryggingagjalds.
- Með að flytja með einkaaðilum en ekki ríkisfyrirtæki.
- Með skýrara regluverki.
- Með skýrari stefnumörkun ríkisins. Sveitarfélögin geta einnig verið meira vakandi fyrir tækifærum sem liggja innan þeirra stofnana sem þegar eru í sveitarfélögunum, í stað þess að vera að hugsa um hvað megi fá meira. Það er ákveðið „trend“ að það fjari undan opinberum störfum á landsbyggðinni og því þarf að standa vörð um þau og styrkja stofnanir. Þarna liggja tækifæri sveitarstjórnanna.
- Með því að beina viðskiptum sína meira til fyrirtækja á svæðinu.
- Með því að sækjast eftir fleiri verkefnum fyrir viðkomandi stofnun.

3.18.2 BORGARFJARÐARSVÆÐI

- Aðgerðir í málum landbúnaðarins.
- auka fjármagn til félagslegrar þjónustu.
- Aukið rekstrarfé.
- Aukið styrki til uppbyggingar á þessu sviði.
- Aukin framlög.
- Ekki hækka virðisaukaskatt.
- Fullnægjandi tollasamninga.
- Hagstæðara verð á rafmagni.
- Lagabreytingar um afurðaverð og verndun íslensks landbúnaðar.
- Létt undir með útflutningi og lækka skatta á einstaklinga og fyrirtæki á landsbyggðinni.
- Lækka álögur.
- Lækka tryggingagjaldið.
- Lækka vsk. á ferðaþjónustu.
- Lækka þessi endalaus gjöld/skatta sem kemur illa við lítil fyrirtæki. Tryggingargjald, og endalaus skoðunar- og leyfisgjöld hjá sjálftökuliðinu (MAST).
- Lækkun húsaleigu og annarra opinberra gjalda.
- Með að flýta fyrir lagningu ljósleiðara og þriggja fasa rafmagns.
- Með auknu fjármagni.
- Með auknu ríkisframlagi og auknum skilningi á aðstæðum á landsbyggðinni.
- Með betra net- og gsm-sambandi.
- Með frekari fjárframlögum - þá átt við ríkisvaldið.
- Með heilbrigðri og gagnsærri stjórnsýslu.
- Með verndartollum á innfluttar búvörur, með meiri jöfnuði milli búgreina í stuðningi ríkisins við landbúnað.
- Með því að auka fjárheimildir í fjárlögum.
- Með því að bæta rafmagn, vegi og fjarskipti.
- Með því að marka skýrari stefnu í ágæti áfangastaðarins fyrir ferðaþjónustu.
- Meira eftirlit með starfsleyfum í ferðaþjónustu.
- Með því að halda uppi þjónustustigi, bæta samgöngur og fjarskipti og veikja ekki innviði, svo sem skólahald og önnur búsetuskilyrði.

- Minnka gjöld.
- Raforkumál.
- Sett meiri pening í að styrkja innviði ferðaþjónustunnar, t.d. vegi, göngustíga og hærra þjónustustig á vegum.
- Sett skýrari ramma um starfsemi ýmissa fyrirtækja og aukið samstarf við eftirlit, fært eftirlitsaðilum valdheimildir til að fylgja málum eftir.
- Skipulagðara og virkara eftirlits- og vottunarkerfi.
- Stuðla að bættu afurðaverði, til dæmis.
- Stuðlað að því að fyrirtækið verði með ávallt ákveðinn þátt starfsemi sinnar sem næst viðskiptavinum sínum.
- Veita meira fé til rekstursins.
- Vernda betur þær hreinu afurðir sem hér eru framleiddar.
- Viðvíkjandi landbúnaði hefur sá ráðherra sem fer með það ráðuneyti enn þá, vægast sagt, unnið á móti greininni.

3.18.3 DALIR

- Alvöru byggðastefnu sem byggir á að efla byggð og atvinnutækifæri.
- Á eins við hér og að framan. Nýtt húsnæði myndi óneitanlega breyta miklu.
- Fjármagna verkefni sín í samræmi við þarfir.
- Jöfnun flutningskostnað, húsnæði.
- Marka framtíðarsýn.
- Með aukinni fjárveitingu.
- Með því að gera engar breytingar á búvörusamningnum.
- Með því að halda greiðslumarki áfram óbreyttu, þ.e. framseljanlegt og hætta við svokallaðan vatnshalla.
- Með því að hugsa lausnamiðað og sjá aðrar leiðir en ferðaþjónustu og hótélrekstur sem lausn á velgengni og sem framtíðarsýn.
- Með því að lækka skatta og gjöld.
- Með því að sjá til þess að vegakerfi, raforka, netsamband og farsímasamband sé viðunandi.
- Með því að hætta að vera með sífelldar hugmyndir um hvernig eigi að skattleggja greinina.
- Niðurgreiðsla á aksturskostnaði.

3.18.4 SNÆFELLSNES

- Að bæjarfélagið hætti í samkeppni við alla iðnaðarmenn bæjarins og fari að nota þessa iðnaðarmenn.
- Að fasteigagjöldum verði haldið í lámarki og það verði sama % á fasteignagjöldum og húsakosti í landbúnaði því það er líka atvinnustarfsemi.
- Auðvelda nýjar fjárfestingar í framleiðsluáðstöðu.
- Auka strandveiðikvóta.
- Auka greiðslur.
- Auka veiðiheimildir.
- Aukið fjármagn til ríkisfyrirtækja.

- Betra eftirlit með ofansögðu (t.d. byggingarfulltrúi). Notast við fyrirtækin í bænum en ekki réttindalausla bæjarstarfsmenn.
- Bæta samgöngur og tryggja að þær séu reglulegar (strætó, mokstur, almennilegir vegir o.s.frv.)
- Draga úr óþarfaeftirliti, fljótari svörun við eiginlega öllu, draga úr óhóflegri skattheimtu.
- Fiskveiðistjórn - aðgreining veiða og vinnslu.
- Fleiri sérfræðinga í skólann.
- Fleiri útboðum.
- Færa starfsemina meira út á land og betur um landið.
- Lagfæra kvótaúthlutina og skilja meira af afrakstri fyrirtækja eftir í heimabyggð.
- Langtímastefnumótun (framτίðarsýn).
- Leyfa smábátum að veiða í net og breyta reiknireglum í auðlindagjaldi.
- Lækka álögur, bæta þjónustu.
- Lækka skatta, auka þjónustu.
- Lækka tryggingargjaldið.
- Lækkað skatta.
- Lækkað tryggingargjaldið.
- Lækkað veiðileyfisgjöldin og lækkað öll gjöld er sem eru of há samanber skoðunargjöld og eftirlitsgjöld.
- Lækkun alls konar gjalda og fljótlegri afgreiðsla. Nákvæmari upplýsingar vegna uppbyggingar.
- Lækkun veiðigjalda.
- Með því að efla hafnarsvið vegagerðarinnar og setja meiri fjármuni í málaflokkinn.
- Með afnámi alls konar álaga og skatta.
- Með framτίðarsýn og dreifingu ferðamanna, sérstaklega á veturna, ekki endalaus óvissa um vsk., gengismál og launamál.
- Með ívilnunum.
- Með meira fjármagni.
- Með minni álögum t.d. veiðigjöld.
- Með réttlátari skiptingu á kvótanum. Kvótinn er eign þjóðarinnar, ekki einstakra útgerða.
- Með sanngjarnari skatttöku á þessi smáu fyrirtæki eins og ég rek.
- Með vel ígrunduðu jafnvægi fjármagns og verkefna til sveitarfélaga.
- Með því að endurskoða álögur á greinina. Ekki leggja jafnar álögur á stór og lítil fyrirtæki.
- Með því að minnka eftirlitsiðnaðinn.
- Minni skattaálögum.
- Minni skattheimta.
- Minnka álögur á fyrirtækin og skatta á fyrirtækin.
- Skapa þjóðarsátt um stefnu í menntamálum.
- Stillt veiðigjöldum í hóf. Draga úr ýmsum álögum, t.d. tryggingargjaldi.
- Stuðla að lækkun vaxta.
- Stutt betur við bakið á litlum þjónustufyrirtækjum á landsbyggðinni.
- Styðja með því að gera ráð fyrir breytingum á starfi í fjárhagsáætlunum, laga húsnæði.
- Taka harðar á opinberum stofnunum sem veita/selja þjónustu í samkeppni við einkaaðila. Enn fremur væri heppilegt að stjórnvöld (einkum svf.) hefðu betri þekkingu í opinberum

innkaupum, kynnu t.d. að bjóða út sérhæfð verk - útboð ýmissar sérhæfðrar þjónustu eru yfirleitt illa ígrunduð og illa unnin.

- T.d. með ódýrara rafmagni til lýsingar gróðurhúsa.
- Tollasamningur, innflutningur á hráu kjöti, flutningskostnaður.
- Undanskylja okkur sem hafa borgað alla skatta og skyldur þessum 90 dögum og leyfa okkur áfram að vera með rekstur allt árið.
- Uppræta alla pólitíska spillingu og breyta kosningum í persónur ekki flokka.
- Versla við þá aðila sem bjóða og veita þjónustuna á staðnum.
- Viðhaft betra eftirlit, samkeppnisumhverfi er varðar leyfisveitingar og gera aðgerðir.
- Víða erlendis ber ríkið alfarið kostnað af rannsóknum.
- Þar sem þetta er hafnarrekstur þarf ríkið að auka framlag í hafnabótasjóð svo að uppbygging verð hraðari.